

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
160. fundur – 24. mars 2011

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, fimmtudaginn 24. mars 2011. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gísli Gíslason boðaði forföll.

Fundargerð 159. fundar heilbrigðisnefndar frá 28. febrúar 2011 lögð fram.

1 Fundargerð 138. starfsmannafundar frá 21. mars 2011

1.1 Starfsleyfi

Álftanes

1.1.1 Miðskógar 22, Álftanes – sambýli

Lögð fram umsókn Önnu K. Júlíussen f.h. Fjölskyldusviðs Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 2.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Miðskógum 22, Álftanesi. Húshluti.: 01 0101. Eigendaskipti og yfirtaka starfsleyfis. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er erindið samþykkt.

Garðabær

1.1.2 Hörpulundur 1, Garðabæ – daggæsla

Lögð fram umsókn Ágústs Ragnarssonar kt. 190158-2339, dags. 8.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu í heimahúsi fyrir allt að 10 börn að Hörpulundi 1, Garðabæ. Húshluti.: 01 0101. Ný starfsemi Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.3 Krókamýri 54, Garðabæ – sambýli

Lögð fram umsókn Önnu K. Júlíussen f.h. Fjölskyldusviðs Garðabæjar kt. 570169-6109, dags. 2.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Krókamýri 54, Garðabæ. Húshluti.: 01 0101. Endurnýjun og eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.4 Lyngás 13, Garðabær - brennsluofn

Lögð fram að nýju umsókn Jóns Arnar Kristinssonar, f.h. Fjölráða ehf., kt. 510602-2930 dags. 12.11.2010, þar sem sótt er um leyfi til brennslu smádyra að Lyngási 13, Garðabæ. Húshluti: bakhús. Ný starfsemi. Auglýsing starfsleyfistillögu birtist: Fréttablaðinu dags. 9.02.2011, Morgunblaðinu dags. 8.02.2011, Garðapóstinum 17.02.2011. Athugasemdir bárust ekki. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.5 Miðhraun 6, Garðabær - málmsteypa

Lögð fram að nýju umsókn Sigurðar T. Þorgrímssonar, f.h. Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf., kt. 420707-1709 dags. 8.10.2010, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsteypu að Miðhrauni 6, Garðabæ. Húshluti: Allt húsið. Endurnýjun. Auglýsing starfsleyfistillögu birtist: Fréttablaðinu dags. 9.02.2011, Morgunblaðinu dags. 8.02.2011, Garðapóstinum 17.02.2011. Athugasemdir bárust ekki. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.6 Móaföt 24, Garðabæ – skammtíavistun

Lögð fram umsókn Önnu K. Júlíussen f.h. Fjölskyldusviðs Garðabæjar kt. 570169-6109, dags. 2.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skammtíavistunar fyrir fötluð börn að Móaföt 24, Garðabæ. Húshluti.: 01 0101. Endurnýjun og eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.7 Sigurhæð 12, Garðabæ – sambýli

Lögð fram umsókn Önnu K. Júlíussen f.h. Fjölskyldusviðs Garðabæjar kt. 570169-6109, dags. 2.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Sigurhæð 12, Garðabæ.

Húshluti.: 01 0101. Eigendaskipti og yfirtaka starfsleyfis.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er erindið samþykkt.

1.1.8 Ægisgrund 19, Garðabæ – sambýli

Lögð fram umsókn Önnu K. Júlíussen f.h. Fjölskyldusviðs Garðabæjar kt. 570169-6109, dags. 2.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Ægisgrund 19, Garðabæ.

Húshluti.: 01 0101. Eigendaskipti og yfirtaka starfsleyfis.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er erindið samþykkt.

Hafnarfjörður

1.1.9 Bláfjallaleið Óbrinnishólar, Hafnarfjörður - hraunvinnsla

Lögð fram að nýju umsókn Aðalsteins Gunnarssonar, f.h. Hraunsteina sf., kt. 410284-0309 dags. 30.09.2010, þar sem sótt er um leyfi til efnistöku úr hrauni á vatnsverndarsvæði við Óbrinnishóla, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Auglýsing starfsleyfistillögu birtist: Fréttablaðinu dags. 9.02.2011, Morgunblaðinu dags. 8.02.2011 og í Fjarðarpóstinum 10.02.2011. Athugasemdir bárust ekki.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með að starfsleyfi til 3 ára.

1.1.10 Eyrartröð 11, Hafnarfjörður – fiskverkun

Lögð fram umsókn Tryggva Tryggvasonar f.h. Fisksöluskrifstofunnar kt. 490902-3170, dags. 11.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskverkunar að Eyrartröð 11, Hafnarfirði.

Húshluti: 01 0101. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.11 Gjótuhraun 8, Hafnarfjörður – steinsmiðja

Lögð fram að nýju umsókn Magnúsar Magnússonar f.h. Granít og Legsteinar ehf kt. 450510-100330, dags. 26.08.2010, þar sem sótt er um leyfi til reksturs steinsmiðju að Gjótuhrauni 8, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.

Auglýsing starfsleyfistillögu birtist: Fréttablaðinu dags. 9.02.2011, Morgunblaðinu dags. 8.02.2011, Fjarðarpóstinum 10.02.2011. Athugasemdir bárust ekki.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.12 Grandatröð 4, Hafnarfjörður - matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Gunnars Bergmanns Jónssonar f. h. Hrefnuveiðimanna ehf. Kt. 640506-1800, sem barst í dag, þar sem sótt er um leyfi til matvælavinnslu (kjötvinnsla og fiskvinnsla) að Grandatröð 4, Hafnarfirði. Ný starfsemi á iðnaðarsvæði.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða verður starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.13 Iðavellir, Hafnarfjörður - skotsvæði

Lögð fram að nýju umsókn Ferdinands Hansen f.h. Skotípróttafélags Hafnarfjarðar kt. 510588-2159, dags. 14.09.2010, þar sem sótt er um leyfi fyrir skotípróttastarfsemi með haglabyssum á Iðavöllum, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Auglýsing starfsleyfistillögu birtist: Fréttablaðinu dags. 9.02.2011, Morgunblaðinu dags. 8.02.2011, Fjarðarpóstinum 10.02.2011. Athugasemdir bárust ekki.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.14 Íshella 5, Hafnarfjörður - endurnýting

Lögð fram að nýju umsókn Valdimars Ó. Jónssonar f.h. Blendi ehf., kt. 441200-2850 dags. 20.10.2010, þar sem sótt er um leyfi til endurvinnslu í tengslum við áliðnað að Íshellu 5, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið. Endurnýjun.

Auglýsing starfsleyfistillögu birtist: Fréttablaðinu dags. 9.02.2011, Morgunblaðinu dags. 8.02.2011, Fjarðarpóstinum 10.02.2011. Athugasemdir bárust ekki.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.15 Kaplakriki, Hafnarfjörður – veislusalur

Lögð fram umsókn Péturs O. Stephensen f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar kt. 540169-2769, dags. 9.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veislusalur með móttökueldhúsi að Kaplakrika, Hafnarfirði. Rekstur í húshluta 02 01, fjölnotasal, eldhús og sala sbr. teikningar Fasteignafélags Hafnarfjarðar gerðar af Batteríinu, arkitektum. 16.04.2007. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.16 Krísuvíkurvegur, Hafnarfjörður - aksturíþróttasvæði

Lögð fram að nýju umsókn Gunnar Bjarnason f.h. Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar kt. 611002-2030 dags. 22.09.2010, þar sem sótt er um leyfi fyrir rallýcrossbraut við Krísuvíkurveg, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Auglýsing starfsleyfistillögu birtist: Fréttablaðinu dags. 9.02.2011, Morgunblaðinu dags. 8.02.2011, Fjarðarpóstinum 10.02.2011. Athugasemdir bárust ekki.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

1.1.17 Reykjanesbraut 200, Hafnarfjörður - akstursíþróttasvæði

Lögð fram að nýju umsókn Friðrik Daníelssonar f.h. Kvartmíluklúbbsins kt. 660990-1199 dags. 21.09.2010, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur akstursbrautar að Kvartmílubrautar 1, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Auglýsing starfsleyfistillögu birtist: Fréttablaðinu dags. 9.02.2011, Morgunblaðinu dags. 8.02.2011, Fjarðarpóstinum 10.02.2011. Athugasemdir bárust ekki.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.18 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfjörður – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Úlfars Guðmundssonar f.h. Tannlæknastofunnar Estetik sf kt. 470891-1149, dags. 24.02.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.19 Smyrlahraun 6, Hafnarfjörður – gisting

Lögð fram umsókn Maríu R. Ólafsdóttur kt. 090658-4339, dags. 10.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistingar í heimahúsi að Smyrlahrauni 6, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0001.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.20 Suðurgata 41, Hafnarfjörður – sjúkrahús

Lögð fram umsókn Dórótheu Sigurjónsdóttur f.h. Landspítalans Hafnarfirði kt. 500300-2130, dags. 15.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjúkrahúss og rannsóknastofu að Suðurgötu 41 og læknastofa að Suðurgötu 44, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.21 Skútahraun 9a, Hafnarfjörður – matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Harðar Harðarsonar f.h. H.S.B útgerð ehf., kt. 660109-0800, dags. 07.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til söltunar grásleppuhroga að Skútahrauni 9a, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

1.1.22 Öldugata 39, Hafnarfjörður – aðveitustöð

Lögð fram umsókn Jóns Gests f.h. HS Veitur hf kt. 431208-0590, dags. 14.03.2011, þar sem sótt er um leyfi fyrir varaafstöð og spennustöð að Öldugötu 39, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Kópavogur

1.1.23 Bakkabraut 6, Kópavogur - fiskverkun

Lögð fram umsókn Lindu Jörundsdóttur f.h. Sælindar ehf., kt. 550502-8870 dags. 9.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til sóltunar grásleppuhroga að Bakkabraut 6, Kópavogi.

Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.24 Bakkabraut 9-11, Kópavogur - verslun með byggingavörur

Lögð fram umsókn Baldurs Björnssonar f. h. Múrbúðarinnar ehf., kt. 561000 2710, dags.

18.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem geta innihaldið eitrefni og hættuleg efni, að Bakkabraut 9-11, Kópavogi. Ný starfsemi á hafnarsvæði.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða verður starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.25 Dalvegur 18 Kópavogur - verkstæði

Lögð fram umsókn Páls Gunnlaugssonar f.h. Bílrúðumeistarans slf kt. 640211-0240 dags. 1.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis til bílrúðuskipta að Dalvegi 18,

Húshluti: austurendi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.26 Dalvegur 24 Kópavogur - trésmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Bjarna Runólfssonar kt. 281163-4429 dags. 14.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmíðaverkstæðis að Dalvegi 24, Kópavogi. Húshluti: 02 0101. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.27 Hamraborg 11, Kópavogur veitingastaður

Lögð fram umsókn Jóseps Hoang Long Jakobssonar, f.h. DPT Veitingar ehf, kt.550211-0410, dags. 16.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðs að Hamraborg 11, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinn úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.28 Hlíðasmári 17, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Þorsteins Hjaltasonar f.h. Tannlæknastofunnar Prófils ehf, kt. 511198-3489 dags. 2.03.2011 þar sem sótt er um yfirtöku á starfsleyfi tannlæknastofunnar Orthopro ehf, kt.

610699-2279 að Hlíðasmára 17, Kópavogi. Yfirtaka starfsleyfis

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er mælt með samþykkt.

1.1.29 Smáratorgi 1, Kópavogur – verslun, lager, efnavara

Lögð fram umsókn Andrésar Helga Hallgrímssonar f.h. A4 skrifstofa og skóli kt. 600209-0270, dags. 2.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með efnavöru (hreinlætis, skrifstofu og föndurvörur) að Smáratorgi 1, Kópavogi. Húshluti.: 01 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.30 Smiðjuvegur 74, Kópavogur – málmismiðja

Lögð fram umsókn Sigtryggs P. Sigtryggssonar f.h. Blikkáss ehf. kt. 700184-0489, dags. 22.03.2011, þar sem sótt er um leyfi fyrir málmismiðju o.fl. að Smiðjuvegi 74, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og að lokinn úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.31 Suðurlandsvegur, Kópavogi - lager og söluaðstaða fyrir jarðefni.

Lögð fram að nýju umsókn Braga Sigurjónssonar, kt. 170636-7919, dags. 1.11.2010, þar sem sótt er um leyfi til reksturs flokkunarvélar, lagers- og söluaðstöðu fyrir jarðefni að Geirlandi við Suðurlandsveg, Kópavogi. Endurnýjun.

Álit bæjarráðs Kópavogsbæjar dags. 20.01.2011 liggur fyrir þar sem mælt er með að starfsleyfi verði framlengt til þriggja ára.

Auglýsing starfsleyfistillögu birtist: Fréttablaðinu dags. 9.02.2011 og í Morgunblaðinu dags. 8.02.2011. Athugasemdir bárust ekki.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 3 ára.

1.1.32 Ögurhvarf 2, Kópavogur - veitingastofa

Lögð fram umsókn Jóns V. Magnússonar f.h. Borgarnestis ehf kt. 550988-1009, dags.9.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu að Ögurhvarfi 2, Kópavogi.

Húshluti: 01 0203. Ný starfsemi.

Fyrir liggja teikningar frá Kristni Ragnarssyni arkitekt. Merkt: Blað A102,4. Breyting á innra skipulagi 0201. dags. 22.02.2011.

Með vísun til ákvæða matvælaeignar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.2 Umsagnir

Hafnarfjörður

1.2.1 Kaplakriki, Hafnarfjörður, íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags 7.03.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bjarna Björnssonar, kt. 020660-2019 þar sem sótt er um leyfi vegna nemendamóts þann 2.04.2011 í íþróttahúsinu Kaplakrika. Óskað er eftir leyfi fyrir 260 manns frá kl. 20.00 – 03.00

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.2 Fjarðargata 13 -15, Hafnarfjörður – samkomusalur, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags 21.03.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðmundu Gísladóttur f. h. Björgunarsveitar Hafnarfjarðar, kt. 410200-3170, þar sem sótt er um leyfi fyrir skemmtun í veislusal Turnsins að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 9.06.2008 að veita Haraldi Jónssyni ehf, kt. 680202-3970 starfsleyfi fyrir samkomustað samkvæmt ákvæðum laga um matvæli og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um tækifærisleyfi fyrir 100 gesta samkomu þann 26. mars n.k. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu.

Jákvæð umsögn er veitt um tækifærisleyfi.”

Kópavogur

1.2.3 Hamraborg 11 – DPT Veitingar ehf, veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags 10.03.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn DPT Veitinga ehf kt. 550211-0410, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II að Hamraborg 11, Kópavogi.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti í dag 24.03.2011 að veita DPT Veitingum ehf, kt. 550211-0410

starfsleyfi fyrir veitingastað samkvæmt ákvæðum laga um matvæli og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu.
Jákvæð umsögn er veitt um rekstrarleyfis fyrir veitingastofu.”

1.2.4 Ögurhvarf 2, Kópavogur – Borgarnesti ehf, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags 2.03.2011, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Borgarnestis ehf kt. 550988-1009, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki I að Ögurhvarfi 2, Kópavogi.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti í dag 24.03.2011 að veita Borgarnesti ehf., kt. 550988-1009 starfsleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt ákvæðum laga um matvæli og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs veitingastofu samkvæmt I. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu.
Jákvæð umsögn er veitt um rekstrarleyfis fyrir veitingastofu.”

1.3 Tóbaksleyfi

1.3.1 Ögurhvarf 2, Kópavogur - veitingastofa

Lögð fram umsókn Borgarnestis ehf kt. 550988-1009, dags. 9.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í Borgarnesti ehf, Ögurhvarfi 2, Kópavogi.
Leyfisveiting samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.4 Annað

1.4.1 Starfleyfisskilyrði fyrir sandblástur og lítil blikk- og málmverkstæði

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 20. mars 2011 þar sem óskað er umsagnar um drög að samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir sandblástur og lítil blikk- og málmverkstæði.
Jákvæð umsögn veitt.

1.4.2 Hrafnista, Kópavogur, dýrahald G

Lögð fram umsókn Sigurbjargar Hannesdóttur f.h. Hjúkrunarheimilisins Hrafnistu Kópavogi kt. 491177-0129, dags. 1.03.2011, þar sem sótt er um leyfi til að vera með kött á einni deildinni.
Jákvæð umsögn veitt.

2 Ársskýrsla 2010

Ársskýrsla vegna ársins 2010 lögð fram og rædd og samþykkt.

3 Ársreikningur 2010

Ársreikningur vegna ársins 2010 lagður fram og samþykktur

4 Matvælaeftirlit

Lagt fram erindi (tölvuskeyti) Matvælastofnunar frá 9. mars 2011 um drög að samningi vegna framsals eftirlits.

Heilbrigðisnefnd telur ástæðu til að vekja athygli Matvælastofnunar og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis á að heilbrigðisnefnd fer áfram með eftirlit með ýmsum þáttum í starfsemi þeirra matvælafyrirtækja sem Matvælastofnun hefur yfirtekið eftirlit með. Eftirlit fer þar fram með vísun til ákvæða laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um meðhöndlun úrgangs. Af hálfu heilbrigðisnefndar hefur matvælaeftirliti verið sinnt áratugum saman. Stöðugleiki er í starfsmannahaldi, menntunarstig starfsmanna hátt og fagleg vinnubrögð viðhöfð. Það er sannfæring nefndarinnar að gæði eftirlits með starfsemi muni ekki minnka við yfirfærslu eftirlits í fyrra horf.

Það er mat heilbrigðisnefndar að frá tilkomu Matvælastofnunar hafi komið í ljós að ríkari þörf er fyrir stefnumótunarvinnu og yfirumsjónarhlutverks af hendi stofnunarinni frekar en þátttöku í

daglegu eftirliti. Ekki verður heldur annað séð en að löggjafinn hafi ætlað Matvælastofnun að sinna stefnumótunar- og yfirumsjónarhlutverki frekar en daglegu eftirliti

5 Mengunarvarnaeftirlit

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 17. mars 2011 um framsal eftirlits.

Með samningi milli Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar sem staðfestur var af Umhverfissráðherra í febrúar árið 2000 tók heilbrigðisnefnd við eftirliti vegna mengunarvarna hjá nokkrum fyrirtækjum á eftirlitssvæðinu samkvæmt ákvæðum grein 9.1. í reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999. Um er að ræða eitt fyrirtæki sem samningur þessi tekur til nú.

Lögð fram að nýju erindi Umhverfisstofnunar frá:

- 16. desember 2008 þar sem tilkynnt er ákvörðun um endurskoðun samninga við heilbrigðisnefndir um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og erindi Umhverfisstofnunar,
- 22. desember 2009 þar sem tilkynnt er uppsögn á samningi um framsal eftirlits,
- 24. nóvember 2010 um frestun uppsagna samninga um framsal eftirlits.

Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrri samþykktir um vilja til að taka að sér mengunarvarnaeftirlit hjá starfsemi í umdæminu sem Umhverfisstofnun sinnir nú Jafnframt vill heilbrigðisnefnd vekja athygli Umhverfisstofnunar og Umhverfissráðuneytis á að flutningur eftirlitsverkefna frá Umhverfisstofnun til sveitarfélaga er mjög í anda þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að spara og hagræða. Nærþjónusta hefur mikla kosti og fagleg rök standa ekki í vegi fyrir því að eftirlit með a.m.k. eftirfarandi atvinnugreinum séu flutt til heilbrigðisnefndarinnar.

- Meðferð úrgangs
- Málningarvöruframleiðsla
- Olíumalar- og malbikunarstöð
- Olíu- og bensínafgreiðslum
- Olíubirgðastöðvum

6 Önnur mál

6.1 Niðurrif bifreiða

Drög að skýrslu til Umhverfisstofnunar sbr. ákvæði reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli Umhverfissráðuneytis á nauðsyn þess að reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja verði endurskoðuð með það að markmiði að einfalda skýrslugerð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30

Guðmundur Sigurðsson

Margrét Halldórsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gísli Ó. Valdimarsson

Sunna Björg Helgadóttir

Steingrímur Steingrímsson